

Nd.

249. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsg. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

- I. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
 - a. (54. gr.) Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.
 - b. (55. gr.) Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárru upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.
 - c. (56. gr.) Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.
Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.
 - d. (57. gr.) Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
 - e. (58. gr.) Lán mega nema allt að $\frac{3}{5}$ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.
 - f. (59. gr.) Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum, lánstími allt að 40 árum og árlegir vextir allt að 6%.
 - g. (60. gr.) Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.
- II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Bankaráð skipar bankastjórnann.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfalls-

kosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

- a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsg. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
- b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. másl. sömu málsg. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.